

# Menningarminjadagar sumarið 2015

## Arfur verk- og tæknimeningar



# European Heritage Days 2015

## Industrial and Technical Heritage

### Menningarminjadagar

Menningarminjadagarnir eru haldnir ár hvert í þeim 50 löndum sem hlut eiga að Menningarsáttmála Evrópu. Allt frá Aserbájan í austri, til Portúgals í vestri og norður til Noregs. Markmið þessara daga er að vekja athygli og áhuga á ríkri og fjölbreyttri menningu þeirra samfélaga sem byggja álfuna. Menningarminjadagarnir voru fyrst haldnir í Frakklandi árið 1985 og tóku fleiri lönd þátt strax ári seinna. Nú á 30 ára afmælinu er Ísland með í höpnum en þema ársins 2015 er „Arfur verk- og tæknimeningar“. Boðið er upp á fjölbreytta viðburði um allt land sem tengjast á einn eða annan hátt verk- og tæknimeningu fyrri tíma hérlendis. Allir viðburðirnir eiga það sameiginlegt að vera í höndum fyrirmyndaraðila sem starfa með menningarminjar.

Nánar má fræðast um alla viðburði Menningarminjadaganna á vefsíðunni [www.europeanheritagedays.com](http://www.europeanheritagedays.com) þar sem hver og einn viðburður glitir sem stjarna á Íslandskortinu.

The European Heritage Days take place in the 50 countries party to the European Cultural Convention. From Azerbaijan in the east, to Portugal in the west and north to Norway. The aim of the European Heritage Days is to raise awareness to the richness and cultural diversity of Europe. The initiative was launched in 1985 in France and was soon adopted in other countries as well. Now on the 30th anniversary Iceland is taking part. The theme for 2015 is Industrial and Technical Heritage and various events are taking place around the country.

More information can be found at [www.europeanheritagedays.com](http://www.europeanheritagedays.com) where every event shines like a star on the map of Iceland.

### Júní/June

**Hornafjardarsöfn**  
Höfn í Hornafirði



Þriðjudagurinn 16. júní kl. 13–16, leiðsögn kl. 13–15, aðgangur ókeypis.

Opnun Skreiðarskemmunnar þar sem sjóminjasýning Hornafjarðar er til húsa. Leiðsögn verður um sýninguna og verður þar lögð áhersla á þróun og umskipti í sjávarútvegi á Höfn á fyrri hluta 20. aldar.

**June 16th.** Opening of Hornafjörður's maritime exhibition where guided tours through the exhibition will be available, which emphasize the change and

development in Höfn's fishing-industry in early 20th century. Admittance is free of charge on this day.

Frekari upplýsingar um Hornafjarðarsöfn má finna á/More information on Hornafjarðarsöfn Museums: [www.hornafjarðarsöfn.is](http://www.hornafjarðarsöfn.is)

### Iðnaðarsafnið á Akureyri



Miðvikudagurinn 17. júní kl. 10–17, aðgangur ókeypis.

Á Iðnaðarsafninu er arfleifð iðnaðar á Akureyri á síðustu öld miðlað, sögð saga verksmiðjanna og þeirra sem byggðu þær upp og unnu í þeim.

**June 17th.** Founded to commemorate the industrial heritage of Akureyri, the museum exhibits machinery, tools of various trades and manufactured products from the last century, thus telling the stories of the factories and the people who built them and worked in them. Admittance is free of charge on this day.

Frekari upplýsingar um Iðnaðarsafnið má finna á/More information on the Industrial Heritage Museum: [www.iðnaðarsafnid.is](http://www.iðnaðarsafnid.is)

### Sjóminjasafn Austurlands Eskifirði



Miðvikudagurinn 17. júní kl. 13–17, aðgangur ókeypis.

Í safninu eru munir sem tilheyra sjósókn og vinnslu sjávarafna. Einnig eru þar verslunarmenningar og hlutir sem tilheyra ýmsum greinum iðnaðar og lækninga frá fyrri tíð. Sjóminjasafnið er í gömlu verslunarskúli, Gömlu búð, sem byggt var 1816.

**June 17th.** The East Iceland Maritime Museum is set in an old timber warehouse, built in 1816. Numerous artefacts connected to fishing, trade and industry are exhibited in the museum. Admittance to the museum is free of charge on this day.

Nánari upplýsingar um Sjóminjasafnið má finna á/More information on the East Iceland Maritime Museum: [www.fjardabyggd.is/fjardabyggd/menning/sofn-og-syningar](http://www.fjardabyggd.is/fjardabyggd/menning/sofn-og-syningar)

### „Að fornu og nýju“ Ullarvinnslan Þingborg/8 km austan Selfoss



Laugardagurinn 20. júní kl. 10–16, aðgangur ókeypis.

Hópur kvenna á Suðurlandi stendur að rekstri Ullarvinnslunnar Þingborgar þar sem íslenska ullin er höfð í hávegum. Sýnd verða gömlur vinnubrögð í ullarvinnslu auk þess sem skoðað verður hvernig nýtt hefur þróast úr hinu gamla.

**June 20th.** A group of women from southern Iceland run the Þingborg wool workshop where the Icelandic wool is cherished. Old wool working techniques will be exhibited and the development from the old to the new will be explored. Admittance is free of charge.

Frekari upplýsingar um Þingborg má finna á/More information on Þingborg Wool Workshop: [www.thingborg.net](http://www.thingborg.net)

### Saltfisksetrið í Grindavík Kvikan, auðlinda- og menningarhúsið



Laugardagurinn 20. júní kl. 10–17, aðgangur ókeypis og lifandi leiðsögn um safnið.

Sýningin Saltfisksetrið er ljóslifandi saga sjómennsku. Grindvíkingar hafa löngum verið drjúgur við saltfiskinn og sýning um sögu verkunar og sölu á saltfiski og þýðingu hans fyrir þjóðarþúfið í gegnum tíðina á því vel heima í Grindavík.

**June 20th.** The Museum of Icelandic "salt-fiskur" (dried and salted fish) is a detailed exhibition on the production of salted fish, its trade and meaning for the Icelandic economy. Admittance is free of charge on this day and guided tours will be available at the museum.

Nánari upplýsingar um Saltfisksetrið má finna á/More information on the museum: [www.grindavik.is/kvikan/](http://www.grindavik.is/kvikan/)

### Síldarminjasafnið á Siglufirði Opnun sýningar í Njarðarskemma



Sunnudagurinn 21. júní, aðgangur ókeypis. Sjá nánari upplýsingar um tímasetningu á heimasíðu.

Síldarminjasafn Íslands er stærsta iðnaðar- og sjóminjasafn landsins. Þann 21. júní verður opnuð ný sýning um raforkuframleiðslu fyrir síldariðnaðinn á Siglufirði frá 1913 til 1999. Uppstaða sýningarinnar er mikill og stór tækjabúnaður frá þessum árum, m.a. fjórða elsta rafstöð á Íslandi. Aðrir hlutar safnsins verða einnig opnir.

**June 21st.** The Herring Era Museum is Iceland's largest industrial- and maritime museum. On June 21 a new exhibition on the production of electricity for the herring industry in Siglufjörður in 1913-1999 will be opened. The core of the exhibition is large machinery from this production era. Other parts of the museum will also be open. Admittance is free of charge on this day.

Frekari upplýsingar um Síldarminjasafnið má finna á/More information on the Herring Era Museum: [www.sild.is](http://www.sild.is)

### Sólseturshátíð í Byggðasafninu á Garðskaga Garði



Laugardagurinn 27. júní kl. 13–17, fyrirlestur kl. 16, aðgangur ókeypis.

Safnið er allhliða byggða- og sjóminjasafn og eru þar ýmsir munir til sýnis sem tengdasta búskaparhátum til sjós og lands. Sérstada safnsins felst þó einkum í einstöku véla- safni þess. Ásgeir Hjálmarsson, fyrrverandi forstöðumaður og stofnandi Byggðasafns Garðskaga, heldur fyrirlestur laugardaginn 27. júní kl. 16:00 þar sem hann fjallar um vélar safnsins, tæknivæðingu báta og þær breytingar sem iðnvæðingin hafði í för með sér. Safnið er opið alla helgina kl. 13–17.

**June 27th.** The Municipal museum in Garðskagi is both a Folk and Maritime Museum and has an outstanding collection of machines and items which were essential for the livelihood on both land and sea. Sunset festival is a family festival where all the locals meet and enjoy the solstices in Garðskagi with a carnival atmosphere. The municipal museum is open all weekend from 13:00 -17:00 and Ásgeir Hjálmarsson founder of the museum will talk about the Industrial and Technical Heritage of the motorized boat on Saturday June 27th at 16:00. Admittance is free of charge on this day.

Frekari upplýsingar um Sólseturshátíðina og Byggðarsafnið má finna á/More information on the Sunset festival and the Municipal Museum: [www.svgardur.is](http://www.svgardur.is)



## Rjómabúíð á Baugsstöðum

Skammt frá Stokkseyri

8



Sunnudagurinn **28. júní kl. 14–17**, aðgangur ókeypis og lifandi leiðsögn.

Eina rjómabúíð sem stendur eftir með öllum búnaði er rjómabúíð á Baugsstöðum, en það var stofnað árið 1904. Rjómabúíð tók til starfa árið 1905 og var starfrækt til 1952, lengst allra rjómabúða á Íslandi. Frá 1975 hefur rjómabúíð á Baugsstöðum verið opið almenningi sem safn. Tæki þess eru upprunaleg og eru þau gangsett fyrir gesti.

**June 28th.** The only creamery in Iceland still with its original equipment is at Baugsstaðir farm, 6 kilometers east of Stokkseyri village. It was founded in 1904. The creamery began operating in 1905 and continued until 1952, longer than any other creamery in Iceland. The creamery has been open to the public during the summer since 1975. Admittance to the creamery is free of charge on this day and guided tours will be available.

Nánari upplýsingar um rjómabúíð má finna á /More information on the creamery: [www.husid.com/onnur-sofn/rjomabuid-a-baugstodum/](http://www.husid.com/onnur-sofn/rjomabuid-a-baugstodum/)

## Júlí/July

### Bátahátíð súðbyrtra trébáta á Breiðafirði

Reykholar/Staður á Reykjanesi

9



**Helgin 3.–5. júlí**, siglingin hefst kl. 10 að morgni laugardagsins **4. júlí** og tekur um 6–8 klst.

Félag áhugamanna um Bátasafn Breiðafjarðar á Reykhólum í samvinnu við Bata- og hlunnindasýninguna á Reykhólum stendur fyrir hátíðinni í áttunda sinn. Eru eigendur trébáta hvattir til að mæta með báta sína. Sigldur verður hringur frá Stað á Reykjanesi um Skálarnes, Svínanes og Bæjarnes í Múlasveit og Skálanes í Gufudals-sveit. Bata- og hlunnindasýningin á Reykhólum verður opin yfir helgina líkt og aðra daga yfir sumarið.

**July 3rd-5th.** During Boat days people with interest in and passion for the old Icelandic wooden boats meet up and sail together a prearranged route. The emphasis is on the Súðbyrðingur, the special shape

the Breiðafjörður bay wooden boats had, a clinker built boat similar to viking ships.

Frekari upplýsingar/More information on: [www.visitreykholahreppur.is](http://www.visitreykholahreppur.is)

### Dýrafjarðardagar

Vélsmiðja Guðmundar J. Sigurðssonar á Þingeyri

10



Laugardagurinn **4. júlí kl. 9–18**, aðgangur ókeypis.

Vélsmiðjan var stofnuð 1913 og er elsta óbreytta smiðja landsins. Þar var framleiddur allur búnaður sem þurfti um borð í fiskiskip að undanskildum vélum og girbúnaði. 4. júlí er haldin hátíð í smiðjunni með margskonar fróðleik og er þar m.a. hægt að fylgjast með eldsmiði að störfum.

**July 4th.** At the Old Blacksmith's workshop all equipment needed on board a fishing vessel was made, except for the machinery and gear devices. On this day a festival will be held at the workshop where guests can among other things watch a blacksmith at work. Admittance is free of charge.

Frekari upplýsingar um gömlu vélsmiðjuna má finna á /More information on the Old Blacksmith's workshop: [www.nedsti.is/frettir\\_og\\_tilkynningar/Velsmiðja\\_Guðmundar\\_JSigurðssonar/](http://www.nedsti.is/frettir_og_tilkynningar/Velsmiðja_Guðmundar_JSigurðssonar/)

### Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri

Borgarfirði

11



Laugardagurinn **11. júlí kl. 13–17**, aðgangur ókeypis.

Örnámskeið í orfslætti og um leið verður þess minnst að 70 ár eru liðin frá komu Farmals A og fyrstu sláttuvéla með honum.

**July 11th.** The Agricultural Museum of Iceland will celebrate the 70 years since the Farmall A with their first mowers came to Iceland and give a short course in mowing grass with a scythe. Admittance is free of charge.

Frekari upplýsingar um Landbúnaðarsafnið má finna á /More information on the Agricultural Museum of Iceland: [www.landbunadarsafn.is](http://www.landbunadarsafn.is)

## Baskar á Íslandi

Strákatangi í Steingrímsfirði  
Skammt norðvestan við Drangsnæs

12



Sunnudagurinn **19. júlí kl. 14**, ekkert þátttökugjald.

Fornleifarannsóknir á Strákatanga leiddu í ljós umfangsmiklar minjar um hvalveiðar Baska við Íslandsstrendur á 17. öld. Sunnudaginn 19. júlí klukkan 14:00 verður dr. Ragnar Edvardsson, fornleifafraeðingur og stjórnandi rannsóknanna, með leiðsögn um svæðið og raðir hvalveiðar Baska í víðu samhengi.

**July 19th.** Recent archaeological research at Strákatangi revealed numerous features that date back to the time of Basque whalers in Iceland in the 17th century. On Sunday July 19th Ragnar Edvardsson, an archaeologist and the research conductor, will give a guided tour of the area informing guests about the site as well as the Basque whaling in a wider context. Free of charge.

### Smiðjuhátíð Tæknimínjasafnsins

Seyðisfirði

13



Helgin **24.–26. júlí**, aðgangur ókeypis.

Hátíðin er skemmtileg og fræðandi fjölskylduhátíð þar sem hægt er að skoða handverk og sjá handverksmenn vinna. Auk sýningaratriða eru námskeið, tónleikar, dansleikir og skemmtiatriði í boði á hátíðinni.

**July 24th-26th.** The Technical Museum's Blacksmith festival. The festival is a meeting place for professionals as well as the general public where people of all ages and all walks of life have a good time. Lively exhibitions and education, music, dancing and tradition as well as modern domestic dining are part of the event. Admittance is free of charge.

Frekari upplýsingar um Tæknimínjasafnið má finna á /More information on the Technical Museum: [www.tekmus.org](http://www.tekmus.org)

## Ágúst/August

Náttúran og tæknin  
Tæknisöguganga um Elliðaárdalinn  
Reykjavík

14



Laugardagurinn **15. ágúst kl. 14**, ekkert þátttökugjald.  
Lagt af stað frá gömlu rafstöðinni.

Elliðaárdalurinn er oft sagður náttúruperla en þar má þó vart þverfóta fyrir minjum sem tengjast þróunarsögu höfuðborgarinnar og tæknikerfum hennar. Lítt ganga um dalinn undir leiðsögn Stefáns Pálssonar, sagnfræðings.

**August 15th.** Industrial- and technical heritage walk through Elliðaárdalur valley in Reykjavík where numerous remains of Reykjavík's technical development history can be found. A light walk led by the historian Stefán Pálsson. Free of charge.

## September

Námskeið í torfhleðslu og grindarsmiði  
Tyrfinngstaðir í Skagafirði


15



Dagarnir **7.–10. september**, greiða þarf þátttökugjald. Skráning er nauðsynleg.

Á námskeiðinu verður kenndur torfskurður (rista) og torfstunga, hlaðnir verða veggir úr klömbruhnausum og streng og smíðuð verður einföld húsgrind. Markmiðið er að nemendur fái þjálfun í torfhleðslu og þekki m.a. helstu hugtök, hleðslugerðir og verkfæri. Frekari upplýsingar um námskeiðið er að finna á [www.fornverkaskolinn.is](http://www.fornverkaskolinn.is) eða hjá Bryndísi Zoëga: [bryndisz@skagafjordur.is](mailto:bryndisz@skagafjordur.is).

**September 7th–10th.** A course on turf cutting, turf building and wooden house frame building. Registration is required, see more information on [www.fornverkaskolinn.is](http://www.fornverkaskolinn.is) or contact Bryndís Zoëga: [bryndisz@skagafjordur.is](mailto:bryndisz@skagafjordur.is).



- 1 Hornafjarðarsöfn**  
Höfn í Hornafirði
- 2 Iðnaðarsafnið á Akureyri**
- 3 Sjóminjasafn Austurlands**  
Eskifirði
- 4 „Að fornu og nýju“**  
Ullarvinnslan Þingborg
- 5 Saltfisksetrið í Grindavík**  
Kvikan, auðlinda- og menningarhúsið
- 6 Síldarminjasafnið á Siglufirði**
- 7 Sólseturshátíð í Byggðasafninu á Garðskaga**  
Garði
- 8 Rjómabúíð á Baugsstöðum**
- 9 Bátahátíð súðbyrtra trébáta á Breiðafirði**  
Reykholar/Staður á Reykjanesi
- 10 Dýrafjarðardagar, Vélsmiðja Guðmundar J. Þingeyri**
- 11 Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri**  
Borgarfirði
- 12 Baskar á Íslandi**  
Strákatangi í Steingrímsfirði
- 13 Smiðjuhátíð Tæknimínjasafnsins**  
Seyðisfirði
- 14 Náttúran og tæknin,**  
Tæknisöguganga um Elliðaárdalinn
- 15 Námskeið í torfhleðslu og grindarsmiði**  
Tyrfinngstaðir í Skagafirði



European Heritage Days  
Journées européennes  
du patrimoine



Minjastofnun  
Íslands



EUROPEAN UNION



CONSEIL DE L'EUROPE

[www.europeanheritagedays.com](http://www.europeanheritagedays.com)  
[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)